

Alcoa Fjarðaál
Hrauni 1
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 8.3.2023
UST202203-024/G.S.O.
08.07.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 22. desember 2022 þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði þann 28. september 2022. Þann 13. febrúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Rykmagn í útblásturslofti berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, skal vera minna en 50 mg/Nm³ miðað við klukkustundar meðalgildi og eðlilegt loftmagn frá starfsemi. Rykmagn í þessum mælingum í löndunarbúnaði og einni mælingu í steypuskála 2021 og einni mælingu í löndunarbúnaði 2022 voru yfir starfsleyfismörkum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa verið gerðar rannsóknir á þeim atvikum sem leiddu til þess að rykmagn í mælingum var yfir starfsleyfismörkum. Til skoðunar er m.a. að setja upp búnað til símælinga á ryklosun í þeim tilgangi að auka vöktunina svo hægt sé að grípa fyrr til aðgerða ef ryklosun eykst. Þá hefur stofnunin fengið senda áætlun með fyrirbyggjandi aðgerðum og er áætlað að síðustu aðgerðum verði lokið 15. apríl 2023.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði fráviki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur